

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

19. feb. 2020

Umsögn um 470. mál á 150 löggjafarþingi. (Endurupptökudómur)

Enn og aftur er ráðherra dómsmála sendur með frumvarpsbastað þann er nefndur hefur verið „endurupptökudómur“ inn í Alþingi, en bastaður þessi kemur frá réttarfarsnefnd sem og hinn fyrri bastaður „endurupptökunefnd“, yfirsíðirnir þá voru 2 hæstaréttardómarar.

Þá tókst að véla Alþingi til að samþykkja þann bastað þrátt fyrir það að hann bryti í bága við stjórnarskrána!

Skv. frumvarpsbastaðnum á endurupptökudómur að hafa aðsetur í einu horninu á kontór formanns dómstólasýslunnar, (Benedikts Bogasonar sem m.a. situr í réttarfarsnefnd).

Í öðru horninu hefur svo nefnd um dómaraastörf aðsetur og í hinu þriðja horni hefur dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara aðsetur!

Dómstólasýslan er „sjálfstæð stjórnsýslustofnun“ (undir hatti Hæstaréttar!) og hlutverk hennar er fyrst og síðast að ráðskast með allt dómskerfið!

Tökum dæmi: Dómstólasýslan skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól til 5 ára í senn, skv. 31. gr. dómstólalaga!

Annað dæmi: Dómstjóri fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólasýslan leggur dómstólum í hendur, skv. 31. gr.!

Eða m.ö.o. hæstaréttardómari er þá kominn í hlutverk aðalféhirðis og dómstjórarnir sem hann skipar þá gjaldkerar undir hans stjórn og þurfa þá trúlega að skila af sér sjóðsuppgjöri daglega til aðalféhirðisins og hæstaréttardómarans!

Dómstólasýslan ákv. svo hvað hver dómstjóri fær mikinn pening af sameiginlegri fjárveitingu skv. fjárlögum, sbr. 7.gr.!

Hvort er svo líklegra að dómstjórinn glefsi í höndina sem fóðrar hann eða sleiki hana?

Skv. frumvarpsbastaðinum á einn dómari að koma frá Hæstarétti, annar frá Landsrétti og þriðji frá héraðsdómurum og svo tveir til viðbótar svona til málamynda.

Það er því grátlegt að heyra ráðherra dómsmála tala um þennan frumvarpsbastað sem verðandi „réttarbót“, ekkert er fjær sanni.

Eina vonin til þess að á kæmist raunveruleg réttarfarsbót er að e.k. mannréttinda/endurupptökudómur yrði algerlega aðskilinn frá Dómstólasýslunni og hinu guðsvolaða dómskerfi sem dómstólasýslan stjórnar fyrst og síðast.

Mun Alþingi láta véla sig til að samþykkja þennan frumvarpsbastað frá dómurum í réttarfarsnefnd eða gefa pappírstætaranum auga?

Eru Alþingismenn búnir að gleyma því hvernig þeir voru narraðir til að samþykkja hinn fyrri bastað – endurupptökunefnd?

Sá bastaður var líka kynntur sem réttarfarsbót.

Er það samboðið virðingu Alþingis að vera e.k. afgreiðslustofnun fyrir valdagíruga dómara í Hæstarétti?

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagna um þennan frumvarpsbastað.

Vf.
